


Nr.: NSL-015	<h1>Tækniskólinn</h1>	 Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
Útgáfa: 2.0		
Dags: 11.11.2012		
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir	<h2>SSO: siglingaverndarnámskeið</h2>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 3		

Markmið námskeiðs:

Að kynna mönnum alþjóðlegar og íslenskar reglur um öryggi í skipaumhverfi. Kennt er í samræmi við IMO Model Course 3.19 frá 2003. Námskeiðið er kennt skv. Alþjóðasamþykkt STCW og uppfyllir kröfur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Inntökuskilyrði:

Það að hafa að baki a.m.k. 12 mánaða viðurkenndan siglingatíma eða fullnægjandi siglingatíma að mati stjórnvalds ásamt þekkingu á rekstri kaupskipa.

Tímalengd:

24 kennslustundir.

Fjöldi nemenda:

Lágmark 10 nemendur, hámark 24 nemendur.

Almenn lýsing námskeiðs:

1. Inngangur

Farið yfir aðdraganda að setningu ISPS reglnanna og markmið námskeiðsins. ISPS kóðinn settur í sögulegt samhengi, farið lítillega yfir váatvik (hryðjuverk) sem hafa orðið í skipaumhverfinu, hvata til verka af slíku tagi o.fl. Einnig er farið yfir mismunandi ógnanir sem fyrir hendi kunna að vera og mynstur slíkra hluta. Farið er í hvernig eðli skipaumhverfisins tengist þeim ógnum sem um er að ræða og eðli tenginga skipanna við aðra þætti í umhverfinu (aðallega hafnir).

2. Stefna í siglingavernd (Policy)

Farið er yfir viðeigandi samþykktir, staðla og viðmiðanir. Farið yfir viðleitni IMO til að bregðast við hryðjuverkahættunni. Farið inn á á hvern hátt var brugðist við hjá IMO eftir 9/11. Samantekt um helstu viðbætur við kafla XI í SOLAS og innihald ISPS kóðans. Farið yfir viðeigandi lög og reglur í viðkomandi fánaríkjum. Farið yfir skilgreiningar á hugtökum. Farið yfir áhrif þess lagalega að einstaklingar bregðist við ógn eða geri það ekki og mörk þess sem gera má eða ætti. Farið yfir meðhöndlun trúnaðarupplýsinga og mikilvægi trúnaðar í sambandi við öryggismál.

3. Ábyrgðardreifing (Sec. Responsibilities)


Farið yfir ábyrgðardreifingu milli aðila að siglingavernd. M.a. rætt um yfirvöld, viðurkennda úttektaraðila, fyrirtæki, skip, hafnir, verndarfulltrúa skips (SSO), verndarfulltrúa fyrirtækis (CSO), verndarfulltrúa hafnar (PFSO), áhafnarmeðlimi með hlutverk vegna verndar skipsins, starfsmenn hafna með hlutverk vegna siglingaverndar og aðra starfsmenn.

4. Áhættumat (Security Assessment)

Farið yfir aðferðarfræði við gerð áhættumats fyrir skip. Aðferðarfræði við gerð áhættumats, matsaðferðir og tæki, vettvangsathuganir og skjalfesting áhættumats.

5. Verndarbúnaður (Security Equipment)

Verndarbúnaður. Farið yfir mismunandi verndarbúnað sem nota má um borð í skipum og takmarkanir slíks búnaðar. Farið yfir prófanir, stillingar og viðhald á búnaði.

Nr.: NSL-015	Tækniskólinn	 Tækniskólinn <small>skóli atvinnulífsins</small>
Útgáfa: 2.0		
Dags: 11.11.2012		
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir	SSO: siglingaverndarnámskeið	
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 3		

6. Verndaráætlun skips (Ship Security Plan)

Verndaráætlun skips. Farið yfir tilgang með verndaráætlun, hvað þarf að vera í henni, trúnaðargildi verndaráætlunar, innleiðing verndaráætlunar og viðhald hennar.

7. Að bera kennsl á áhættu og greina hana og bregðast við – RLS

Að bera kennsl á ógn, þekkja hana og viðbrögð. Að þekkja vopn, hættuleg efni og búnað. Aðferðir við leit að slíkum búnaði. Að innleiða og stýra leit. Að bera kennsl án fordóma á einstaklinga sem geta verið ógnun. Aðferðir sem nota má við að komast framhjá öryggisráðstöfunum. Mannfjöldastjórnun.

8. Verndarvinnubrögð um borð í skipi

Verndarráðstafanir um borð í skipi. Mismunandi ráðstafanir eftir vástigi. Að koma á og viðhalda verndarráðstöfunum við samskipti skips og hafnar. Notkun yfirlýsingar um siglingavernd. Innleiðing vinnuferla vegna verndarráðstafana.

9. Neyðaráætlanir og æfingar

Neyðarviðbúnaður, æfingar og þjálfun. Gerð neyðaráætlunar, fjallað um æfingar og þjálfun og mat á árangri af slíku.

10. Framkvæmd og stjórnýsla vegna siglingaverndar


Umsýsla vegna verndarráðstafana. Skjalfesting og skráning. Skýrslugerð um váatvik. Eftirlit með virkni verndaráætlunar og endurskoðun hennar. Uttektir á verndaráætlun og ytra eftirlit. Skýrslugerð um frávik.

11. Þjálfun vegna siglingaverndar

Verndarþjálfun. Kröfur um þjálfun. Tækni við að koma þekkingu og getu á framfæri með árangursríkum hætti.

Mætingarskylda er 100%.

Kennslu lýkur með prófi.

Nr.: NSL-015	Tækniskólinn	
Útgáfa: 2.0		
Dags: 11.11.2012		
Höf: Áslaug Maack Pétursdóttir	SSO: siglingaverndarnámskeið	
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 3		